



ÁRSSKÝRSLA
2016

fjs Fjársýsla
ríkisins



ÁRSSKÝRSLA
2016

FJÁRSÝSLA RÍKISINS

Maí 2017

Ljósmyndir í ársskýrslunni eru úr ljósmyndasafni, þema myndanna er gróður í íslensku landslagi
Forsíðumynd er af frosum laufum.

©Einar Guðmann (<http://photos.gudmann.is>)

©Gyða Henningsdóttir (<http://photos.gyda.is>)

EFNISYFIRLIT

	Bls.
Formáli fjársýslustjóra	6
Um Fjársýslu ríkisins	8
Hlutverk, gildi og fleira	8
Innleiðing laga um opinber fjármál	10
Starfsemin á árinu	11
Starfsemin	11
Fjármál	14
Starfsmenn og þróun	16
Kennitölur	19
Ársreikningur 2016	24
Rekstrarreikningur	26
Efnahagsreikningur	27
Sjóðstreymi	28
Staða viðfangsefna	29

Ársskýrslan er eingöngu gefin út á rafrænu formi.
Hönnun og umbrot: Fjársýsla ríkisins, maí 2017.
Letur er Calibri.

FORMÁLI FJÁRSÝSLUSTJÓRA

Árið 2016 var mjög viðburðaríkt í starfsemi Fjársýslu ríkisins (FJS) og bættust umfangsmikil, ný og krefjandi verkefni við hefðbundna starfsemi. Flest þessara verkefna tengdust á einn eða annan hátt innleiðingu á lögum um opinber fjármál (LOF), sem samþykkt voru í lok ársins 2015. Þessi lög hafa í för með sér umfangsmiklar breytingar á umsýslu fjármála ríkisins og starfsemi FJS. Auknar kröfur eru gerðar til áætlanagerðar, markmiðasetningar og mælanleika árangurs en stærsta viðfangsefnið hefur verið veruleg breyting á reikningsskilaaðferðum ríkisins.

Til að FJS væri betur í stakk búin til að takast á við breyttar kröfur var ákveðið að fara í stefnumótunarvinnu til að marka stefnuna fyrir næstu fjögur árin. Þessi vinna var unnin í samvinnu stjórnenda og starfsmanna á nokkurra mánaða tímabili seinni hluta ársins. FJS setti sér þá framtíðarsýn að veita framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála. Fjársýslan er nú skilgreind sem þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála þar sem stöðugar umbætur á ferlum, þekking, áreiðanleiki og þjónusta gefa tóninn.

Fjársýslan gegnir lykilhlutverki við umsýslu fjármuna allt frá móttöku innheimtufjár til útdelingu þess. Með þeirri þjónustu sem FJS sinnir fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og stofnanir er stuðlað að aukinni hagkvæmni í ríkisrekstrinum. Stofnunin vinnur að því að þróa upplýsingatæknikerfi í takt við þarfir notenda og styðja við auknar kröfur um sjálfvirkni í ferlum og þjónustu. Áhersla er lögð á að FJS sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugum og metnaðarfullum starfsmenn. Við árslok störfuðu 77 starfsmenn hjá stofnuninni.

Árið 2016 var krefjandi en jafnframt skemmtilegt ár þar sem tekist var á við mörg ný verkefni. Ljóst er að árið 2017 verður ekki síður viðburðaríkt.

Ingbór Karl Eiríksson
fjársýslustjóri



Skogar foss

FJS er sérstök stofnun sem heyrir undir fjármála- og efnahagsráðherra og starfar samkvæmt lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál

FJS er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála

FJS er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála

Við rýnum vinnubrögð okkar og berum kennsl á tækifæri til þess að gera betur

UM FJÁRSÝSLU RÍKISINS

Fjársýsla ríkisins starfar samkvæmt lögum nr. 123/2015, um opinber fjármál. Fjársýslan er sérstök stofnun sem heyrir undir ráðherra. Fjársýslustjóri veitir henni forstöðu og er skipaður af ráðherra til fimm ára í senn.

Hlutverk

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Gildi

Starfsemi okkar, menning og vinnubrögð markast af þremur gildum:

Þekking

Við erum framsækin og fylgjumst með straumum og stefnum í opinberum fjármálum. Við hikum ekki við að deila þekkingu með öðrum og innleiða nýjungar inn í okkar verklag.

Áreiðanleiki

Við ávinnum okkur traust með því að viðhalda áreiðanlegum vinnubrögðum. Þá viljum við vera góð fyrirmynd annarra stofnana þegar kemur að opinberri fjársýslu.

Þjónusta

Við leitum stöðugt leiða til að veita skilvirka, hraða og örugga þjónustu. Þannig byggjum við upp þjónustumeningu sem uppfyllir þarfir viðskiptavina okkar.

Framtíðarsýn

Fjársýslan er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála.

Áherslur

Fjársýslan hefur skilgreint fjórar áherslur til ársins 2020 og undir hverri eru þrjár áherslupættir:

Verklagið

Við rýnum vinnubrögð okkar og berum kennsl á tækifæri til þess að gera betur. Helstu ferlar í daglegri starfsemi eru kortlagðir og skráðir og umbætur eru gerðar á starfseminni þegar tilefni er til og byggja á reglulegri yfirferð verkferla.

- Ferlar

Verkferlar eru skjalfestir og í stöðugri þróun til að mæta þörfum viðskiptavina og hagsmunaaðila. Þannig tryggir stofnunin einnig að þekking sé skráð og varðveitt.

- Eftirlit

Tryggt er að verkferlum sé fylgt með því að fylgjast með helstu áhættuþáttum, beita markvissum eftirlitsaðgerðum og takast á við frávík.

- Umbætur

Umbótahugsun er virk í menningu starfsmanna og áhersla á að hugmyndum sem fjalla um tækifæri til breytinga eða umbóta sé veitt brautargengi. Vægi faglegrar verkefnisstjórnunar verður aukið.

Verkfærin

Við horfum til þess að hafa rétt verkfæri, þróa upplýsingakerfi í takt við þarfir notenda og auka samræmi á milli ólíkra kerfa. Þá eru uppi auknar kröfur um sjálfvirkni í ferlum og í þjónustu almennt.

- Þróun

Upplýsingakerfi eru þróuð í takti við þarfir notenda. Framtíðarsýn okkar á þróun kerfa er mótuð út frá heildarhagsmunum notenda og horft til einföldunar og hagræðingarí rekstri.

- Skilvirkni

Upplýsingakerfi eru eftir atvikum öllum aðgengileg og viðskiptavinir geta afgreitt sig sjálfir þar sem því verður komið við.

- Fræðsla

Nýting upplýsingakerfa er aukin með fræðslu og þjálfun þar sem þörf krefur og horft til þess að nýta fjölbreyttar leiðir til að miðla fræðsluefni til notenda.

Viðskiptavinir

Við ætlum að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu með sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost. Auknar kröfur eru gerðar um aðgengi að upplýsingum um ríkisreksturinn og við munum leggja okkar af mörkum til að mæta þeim.

- Samræmi

Fjársýslan veitir þjónustu þar sem haldið er utan um fyrirspurnir og þjónustubeiðnir á einum stað. Verkaskipting á milli FJS og viðskiptavina er skýr og vel þekkt.

- Sjálfvirkni

Sjálfsafgreiðsla er skýr fyrsti valkostur í þjónustu og viðskiptavinir geta lokið sínum málum með rafrænum hætti þar sem því verður komið við.

- Upplýsingagjöf

Fjárhagsupplýsingar hins opinbera eru greinargóðar, áreiðanlegar og birtar tímanlega. Unnið verður að auknu aðgengi, sýnileika og gegnsæi á fjárhagsupplýsingum.

Við

Við leggjum áherslu á að Fjársýslan sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk. Lögð er áhersla á jafnrétti, liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi.

- Jafnrétti

Starfsfólk nýtur jafnra tækifæra til starfsþróunar og frammistaða getur haft áhrif á framgang og umbun í starfi. Sömu kjör eru í boði fyrir sambærileg störf og laun eru metin reglubundið út frá ábyrgð og verkefnum.

- Starfsánægja

Áhersla er á að stjórnun, starfsumhverfi og búnaður sé til fyrirmyndar. Starfsþróunar-möguleikar eru fyrir hendi og ákvarðanir sem varða starfsmenn eru byggðar á faglegum forsendum.

- Þekkingaröflun

Starfsfólk fær tækifæri til að þroskast í starfi. Það er hvatt til að sýna frumkvæði, afla sér þekkingar og beita henni í starfi sínu.

Við horfum til þess að hafa rétt verkfæri, þróa upplýsingakerfi í takt við þarfir notenda og auka samræmi á milli ólíkra kerfa

Við ætlum að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu með sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost

Við leggjum áherslu á að FJS sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk



Úr Berserkjahrauni

Lög um opinber fjármál tóku gildi í ársbyrjun 2016. Ljóst er að þau munu hafa mikil áhrif á starfsemi FJS

Lög um opinber fjármál gera hinsvegar ráð fyrir að ríkisaðilar fylgi ársreikningalögum í sínu bókhaldi og því eiga IPSAS staðlarnir ekki við um reikningsskil ríkisaðilanna sjálfra

Gert er ráð fyrir að ríkisreikningur fyrir árið 2017 verði fyrsti reikningurinn sem verði samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum

Samkvæmt LOF skal skipa Reikningsskilaráð A-hluta ríkisreiknings og var það skipað á seinni hluta ársins



Úr Eldhrauni

INNLEIÐING LAGA UM OPINBER FJÁRMÁL

Lög um opinber fjármál (LOF) tóku gildi í ársbyrjun 2016 eins og áður hefur komið fram. Lögin eru heildarlög um opinber fjármál og er ljóst að þau munu hafa mikil áhrif á starfsemi FJS. Í lögunum felast meðal annars umtalsverðar breytingar á reikningsskilum og uppgjörum ríkissjóðs og ríkisstofnana með innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila. Lög um opinber fjármál gera hinsvegar ráð fyrir að ríkisaðilar fylgi ársreikningalögum í sínu bókhaldi og því eiga IPSAS staðlarnir ekki við um reikningsskil ríkisaðilanna sjálfra. Það hefur í för með sér að ýmis frávik sem fjárreiðulögin sögðu til um frá ársreikningalögum gilda ekki lengur, s.s. varðandi eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna og önnur atriði sem hafa verið hluti af verklagi um árabíl.

Innleiðing þessara laga litaði töluvert starf FJS á árinu 2016. Við þessar umfangsmiklu breytingar sem lögin segja til um er ljóst að nauðsynlegt er að yfirfara og breyta verklagi varðandi ýmsa þætti. Þá er ljóst að byggja þarf upp þekkingu á alþjóðlegum stöðlum og greina vandlega hvar þeir munu hafa áhrif á reikningshald. Meðal helstu verkefna sem hefur verið unnið að er eignfærsla varanlegra rekstrarfjármuna og breyting á eignakerfi því tengt og mat og uppgjör á ýmsum skuldbindingum sem til þessa hafa staðið utan efnahagsreiknings þar sem mest munar um orlofsskuldbindingu. Töluverð vinna fór í það á árinu að meta efnislegar eignir ríkissjóðs, svo sem í tækjum- og skrifstofubúnaði, samgöngumannvirkjum, fasteignum, jörðum, skipum, flugvéllum o.þ.h. Hér er um viðamikil og faglegt starf að ræða sem krefst töluverðrar vinnu og er þeirri vinnu ekki lokið. Þá gera staðlarnir ráð fyrir þróun á samstæðuuppgjöri ríkissjóðs þar sem innri viðskiptum og færslum er eytt út og unnið hefur verið að breytingum tölvukerfa til að hægt sé að uppfylla þessar kröfur.

Gert er ráð fyrir að ríkisreikningur fyrir árið 2017 verði fyrsti reikningurinn sem verði samkvæmt nýjum reikningsskilastöðlum. Breytt framsetning fjárlaga og áhersla í eftirliti með framkvæmd fjárlaga hefur það svo í för með sér að breyta þarf framsetningu uppgjóra innan ársins og útfæra skýrslur sem styðja við önnur markmið laganna. Unnið hefur verið að þessum verkefnum allt árið 2016 og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2017. Gefa þarf út uppfærðar leiðbeiningar og verklagsreglur vegna allra þessara breytinga og var unnið að því á árinu.

Upptaka alþjóðlegra staðla gerir enn ríkari kröfur til faglegra vinnubragða og því kemur krafa um þjálfun og aukna fagþekkingu starfsmanna á fjármálasviði stjórnsýslunar. Efla þarf starfsemi FJS, stofnana og ráðuneyta, þróa upplýsingakerfi áfram til stuðnings ásamt því að yfirfara og endurgera ferla. Í þessari miklu innleiðingavinnu hefur jafnframt verið horft til tækifæra sem slík yfirferð gefur til að bæta verklag og stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármuna og bættri upplýsingagjöf. Samkvæmt LOF skal skipa Reikningsskilaráð A-hluta ríkisreiknings og var það skipað á seinni hluta ársins. Ráðið mun verða leiðandi í innleiðingu á alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum (IPSAS), ráðgefandi varðandi útfærslu ákveðinna mála og góður stuðningur við FJS og aðra aðila.

STARFSEMIN Á ÁRINU

Fyrir utan hefðbundin verkefni einkenndist starfsemi FJS af áframhaldandi undirbúningsvinnu í tengslum við ný lög um opinber fjármál (LOF) sem tóku gildi í ársbyrjun 2016.

Ríkisreikningur fyrir árið 2015 kom út í lok júní 2016. Sem fyrr var lögð áhersla á að gæta aðhalds í rekstri stofnunarinnar án þess að það bitnaði um of á gæðum þjónustunnar og starfsánægju. Afkoman í heild var neikvæð um 17 m.kr. og skýrist það í aðalatriðum af verkefnum sem tengjast LOF en mikil áhersla var lögð á það á árinu.

FJS lagði í mikla stefnumörkunarvinnu á árinu 2016 og fékk ráðgjafafyrirtækið Capacent til liðs við sig. Segja má að formlega hafi þeirri vinnu verið hrundið af stað í byrjun júní 2016. Margir komu að þessu viðamikla og mikilvæga verkefni en m.a. var haldinn sérstakur stefnumótunardagur með starfsfólki FJS í október. Niðurstöður þess fundar lögðu mikið til endanlegrar útkomu stefnunnar. Framtíðarsýn, hlutverk og gildi stofnunarinnar voru endurskilgreind en einnig voru fjórar megináherslur ákvarðaðar í starfseminni og undirmarkmið merkt hverri og einni. Lögð var fram ný stefna og skipurit í lok árs 2016. Helstu breytingar á stjórnskipulagi FJS voru að ákveðið var að sameina svið ríkisfjárhirslu og tekjusviðs í eitt nýtt svið, „fjárreiðusvið“. Hlutverk og verkefni tæknisviðs voru endurskilgreind og heitir sviðið nú „þróunar- og þjónustusvið“. Einnig var skert á verkefnum annarra sviða. Mörg umbótaverkefni fóru í gang samhliða. Eitt þeirra var viðamikil starfagreining sem áætlað er að hefjist snemma á árinu 2017.

Stofnunin þarf að sinna ákveðnu viðhaldi á húsnæðinu á hverju ári s.s. hreinsun og bónun á gólfdukkum og þrifum á gluggum og glugga-tjöldum. Á árinu var skipt um öryggskerfi í húsinu en það var orðið úrelt og þarfnaðist endurnýjunar. Einnig var símakerfið endurnýjað og tekin ákvörðun um að tengjast nýju símakerfi Stjórnarráðsins. Öllum sínum var skipt út samhliða. Nýtt kerfi mun gera FJS kleift að greina betur símtöl og verða þær upplýsingar notaðar til að efla þjónustu FJS.

Stöðugt er unnið að því að þróa, einfalda og bæta bókhalds- og greiðsluþjónustu FJS. Á árinu 2016 voru um 270 fjárlagaliðir í þjónustu FJS, þar af 102 ráðuneyti og stofnanir. Nokkur ný verkefni bættust við á árinu. Við breytingar tengdum beingreiðslum til bænda þ.e. flutningur verkefna frá Bændasamtökum Íslands til Matvælastofnunar eru þessar greiðslur núna greiddar beint út af bankareikningi ríkisfóðs og koma því til bókusar samhliða. Vinnumálastofnun hóf að senda greiðslufyrirmæli til FJS vegna greiðslu til fyrirtækja sem eru með samninga um atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Íbúðalánasjóður sendir greiðslufyrirmæli vegna greiðslu stofnfjárframlaga fyrir byggingu leiguíbúða. Orkustofnun sendir greiðslufyrirmæli vegna niðurgreiðslna húshitunar með olíu og heimarafstöðvum. Samhliða greiðslum verða til færslur inn í bókhald viðkomandi fjárlagaliða. Á árinu 2016 tók FJS að sér að annast allt bókhald og allar greiðslur fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og Fasteignasjóð sveitarfélaga. Hér er um að ræða mjög stórt verkefni þar sem um er að ræða greiðslur á öllum framlögum Jöfnunarsjóðsins til sveitarfélaga og annarra aðila ásamt öllum öðrum greiðslum sjóðanna.

Starfsemi FJS einkenndist af áframhaldandi undirbúningsvinnu í tengslum við ný lög um opinber fjármál sem tóku gildi í ársbyrjun 2016

FJS lagði í mikla stefnumörkunarvinnu á árinu 2016 og fékk ráðgjafafyrirtækið Capacent til liðs við sig

Lögð var fram ný stefna og skipurit í lok árs 2016

Skipt var um öryggskerfi í húsinu og símakerfið var einnig endurnýjað

Á árinu 2016 voru um 270 fjárlagaliðir í þjónustu FJS, þar af 102 ráðuneyti og stofnanir



Gróður

Helstu breytingar á árinu tengdust LOF og náðu þær til nokkurra kerfishluta Orra en mestar breytingar verða í fjárhagshluta kerfisins

Samkvæmt IPSAS þurfa allar skuldbindingar að vera færðar

Tekin var ákvörðun á árinu að nota APEX skýrslugerðartæki í staðinn fyrir Discoverer Viewer

Notkun á Vinnustund eykst sífellt og hefur verið krafa um bætt aðgengi að upplýsingum

Meginstefnan var að auðvelda vinnu í kerfinu og að gera gjaldendum auðvelt að fá upplýsingar um stöðu sína gagnvart innheimtumanni ríkissjóðs

Veigamikill þáttur í starfsemi FJS snýr að umsjón með þróun og rekstri upplýsingakerfa fyrir ríkissjóð og ríkisstofnanir. Að þeim verkefnum koma öll svið stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Hér á eftir verður fjallað um helstu þætti sem snúa að veigamestu kerfunum þ.e. Orra og TBR á árinu.

Orri, fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Áfram var unnið að þróun á Orra í samvinnu við stærstu notendur. Í aðalatriðum gekk rekstur kerfisins vel en fresta þurfti aftur stórra útgáfubreytingu á árinu þar sem að fjárheimildir voru ekki nægar. Helstu breytingar á árinu tengdust LOF og náðu þær til nokkurra kerfishluta Orra en mestar breytingar verða í fjárhagshluta kerfisins. Helst má nefna:

- *Eignakerfi fyrir fastaffármuni*
Breyta þurfti uppsetningu á eignakerfi Orra (FA) og endurvinna gögn þannig að þau tækju tillit til breyttrar uppsetningar og að afskriftarstofnar og afskriftarhlutföll væru rétt.
- *Mat á orlofsskuldbindingu og fleiri skuldbindingum vegna launa*
Samkvæmt IPSAS þurfa allar skuldbindingar að vera færðar. Á árinu 2015 var hafin greining á hvernig hægt væri að setja upp kerfi til að reikna út ýmsar skuldbindingar sem varða starfsmenn. Greiningu var lokið á árinu 2015 en verkið sjálft var unnið að mestu á árinu 2016.
- *Samstæðugrunnur og millistofnanaviðskipti*
Með tilkomu LOF þarf ríkið að vinna samstæðureikningsskil. Hluti af því verki er að eyða út viðskiptum milli stofnana. Í aðalbók bókhalds ríkisins var unnið við að auðkenna millistofnanaviðskipti, þannig að viðskipti milli stofnana skráist sjálfkrafa ef færslan er unnin í undirkerfum. Þessum upplýsingum er síðan skilað yfir í nýja bók (Ledger) sem geymir upplýsingar um viðskipti milli stofnana.
- *APEX skýrslur*
Tekin var ákvörðun á árinu að nota APEX skýrslugerðartæki í staðinn fyrir Discoverer Viewer. Heilmikil vinna fór fram á árinu við að yfirfara staðlaðar skýrslur sem eru til í kerfinu í dag yfir í APEX og einnig voru útbúnar nýjar skýrslur.

Nokkur vinna fór fram við að greina gögn frá H-launakerfum sem sjúkrahús utan Reykjavíkur notuðu fyrir árið 2008. Notkun á Vinnustund eykst sífellt og hefur verið krafa um bætt aðgengi að upplýsingum. Vinna fór af stað á árinu að vöruhúsi fyrir Vinnustund. Áfram var haldið við að þróa og útbreiða samþykktarkerfið, bókuarvélina og ferðauppgjörskerfið í Orra.

Tekjubókhaldskerfi ríkisins (TBR)

Á árinu voru 10 útgáfur af TBR settar í rekstur með ýmist stærri eða minniháttar breytingum á einstökum kerfishlutum. Í útgáfum ársins var meginstefnan að auðvelda vinnu í kerfinu og gera gjaldendum auðvelt að fá upplýsingar um stöðu sína gagnvart innheimtumanni ríkissjóðs. Einnig var áhersla ársins á innleiðingu rafrænna reikninga hjá stofnunum sem nota TBR til innheimtu.

- Nýjar reglur um skuldajöfnuð litu dagsins ljós í lok ársins 2016 og hefst undirbúningsvinna við innleiðingu þeirra á árinu 2017.

- Á árinu var unnið að innleiðingu Web Methods og við árslok var tveimur fyrstu áföngunum lokið.
- Innleiðing rafrænna reikninga hélt áfram og á árinu 2016 voru samtals 2.340 reikningar gefnir út rafrænt.
- Á árinu 2016 var hætt að senda út tilkynningar vegna greiðslna á fyrirframgreiddum vaxta- og barnabótum ásamt fleiri verkefnum. Í staðinn var tilkynning birt gjaldanda á island.is. Sparnaðurinn var verulegur, því heildarfjöldi prentaðra gagna úr kerfinu var 200 þúsund eintökum færri en árið áður.
- Á árinu 2016 var unnið að því að gera afgreiðslu greiðsluaðlögunar einfaldari og sýnilegri fyrir notendur.
- Álagning og innheimta á tollkvóta fór í rekstur.

Innleiðing á rafrænum reikningum hélt áfram og á árinu 2016 voru samtals 2.340 reikningar gefnir út rafrænt

Á árinu 2016 var hætt að senda út tilkynningar vegna greiðslna á fyrirframgreiddum vaxta- og barnabótum



Gróður við Djúpavog



Rekstrarsvið annast fjármál stofnunarinnar ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við fjársýslustjóra

Afkoma FJS var neikvæð um 17,3 millj. kr. á árinu 2016. Neikvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur FJS skilaði 11,9 millj. kr. afgangi, rekstur upplýsingakerfa var neikvæður um 14,1 millj. kr. og hugbúnaðargerðin var einnig neikvæð um 15,1 millj. kr.

Fjármál

Rekstrarsvið annast fjármál FJS ásamt gerð rekstraráætlana í samvinnu við fjársýslustjóra. Í tengslum við gerð árlegra rekstraráætlana er farið yfir málefni einstakra sviða með viðkomandi forstöðumönnum. Er það gert til að fá dýpri sýn á fjármálin og tryggja samræmda forgangsröðun verkefna. Jafnframt er unnið sameiginlega að gerð langtímaáætlunar og ársskýrslu fyrir stofnunina. Langtímaáætlunin endurspeglar stefnumörkun og megináherslur starfseminnar til lengri tíma. Rekstraráætlunin tekur jafnan mið af samþykktri langtímaáætlun innan þess ramma sem fjárveitingar leyfa. Í ársskýrslu er loks gerður samanburður á útgjöldum og fjárheimildum auk tölulegs samanburðar á markmiðum ársins og útkomu.

Afkoma FJS var neikvæð um 17,3 millj. kr. á árinu 2016. Heildargjöld ársins að frádregnum sértekjum voru 1.821,5 millj. kr. og hækkuðu um 129,6 millj. kr. eða 7,7% frá árinu á undan. Fjárheimildir ársins námu 1.804,2 millj. kr. Þá átti stofnunin jafnframt ónýttar heimildir frá fyrri árum 114,8 millj. kr. þannig að heildarfjárheimildir ársins námu alls 1.919,0 millj. kr.

Rekstrarafkoma FJS 2014-2016

Í millj. kr.	2016	2015	2014
Sértekjur	-21,9	-8,9	-9,1
Rekstrargjöld	871,7	789,1	725,0
Rekstur upplýsingakerfa	874,9	853,8	858,4
Stofnkostnaður upplýsingakerfa	96,8	57,9	69,0
Gjöld umfram sértekjur	1.821,5	1.691,9	1.643,3
Framlag ríkissjóðs	1.804,2	1.706,7	1.562,9
Hagnaður / tap ársins	-17,3	14,8	-80,4

Neikvæð afkoma ársins skiptist þannig að rekstur FJS skilaði 11,9 millj. kr. afgangi, rekstur upplýsingakerfa var neikvæður um 14,1 millj. kr. og hugbúnaðargerðin var einnig neikvæð um 15,1 millj. kr.

Afkoma 2016 eftir viðfangsefnum FJS

Í millj. kr.	Reikningur	Fjárheimild	Frávik
Almennur rekstur	849,8	861,7	11,9
Tekjubókhaldskerfi	373,8	372,4	-1,4
Fjárhags- og starfsmannakerfi	501,1	488,4	-12,7
Almennur rekstur samtals	1.724,7	1.722,5	-2,2
Hugbúnaðargerð fyrir tekjubókhaldskerfi	14,1	8,2	5,9
Hugbúnaðargerð fyrir fjárhags- og starfsmannakerfi	82,7	73,5	-9,2
Stofnkostnaður samtals	96,8	81,7	-15,1
Gjöld umfram sértekjur	1.821,5	1.804,2	-17,3


Halla á rekstri upplýsingakerfa má einkum rekja til misræmis á milli verðlagshækkunar fjárlaga og launavísitölu en þó nokkrir samningar vegna kerfa eru tengdir við hana. Halla á hugbúnaðargerðinni má rekja að mestu til verkefna sem tengjast lögum um opinber fjármál (LOF) en mikil áhersla var lögð á það verkefni á árinu. Nýttar voru uppsafnaðar fjárheimildir.

Staða fjárheimilda 2014-2016

Í millj. kr.	2016	2015	2014
Staða í ársbyrjun	114,8	100,0	189,4
Niðurfelling samkvæmt lokafjárlögum	0,0	0,0	-9,0
Hagnaður / tap ársins	-17,3	14,8	-80,4
Staða í árslok	97,5	114,8	100,0

Í árslok 2016 var fjárheimildastaðan jákvæð um 97,5 millj. kr. Að öðru leyti vísast til ársreiknings FJS.


Halla á rekstri upplýsingakerfa má einkum rekja til misræmis á milli verðlagshækkunar fjárlaga og launavísitölu



Í árslok 2016 voru starfsmenn FJS 77, eða sami fjöldi og frá árinu á undan.

Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að það eru 2 konur á móti 4 körlum.

Kynjahlutfall starfsmanna




Starfsmannavelta var 5,2% en var 1,3% árið áður.

Háskólamenntaðir eru um 50% starfsmanna og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

Starfsmenn og þróun

Í árslok 2016 voru starfsmenn FJS 77 eða sami fjöldi og frá árinu á undan. Karlmennt voru færri en konur, 28 samanborið við 49 konur. Kynjahlutfall stjórnenda skiptist þannig að þar eru 2 konur á móti 4 körlum. Myndirnar hér á eftir sýna fjölda starfsmanna innan sviða, kynjahlutfall og aldursdreifingu.

Fjöldi starfsmanna eftir sviðum




Á myndina vantar tvo starfsmenn, þ.e. fjársýslustjóra og einn starfsmann sem vinnur við innra eftirlit.

Á árinu 2016 hættu fjórir starfsmenn. Einn var í tímabundnu starfi, annar hætti á reynslutíma, sá þriðji vegna heilsuþrengingar og sá fjórði vegna aldurs. Fjórir starfsmenn voru ráðnir í staðinn á árinu. Einn starfsmaður var í launuðu námsleyfi skv. grein 12.2.6 í kjarasamningum háskólamanna á árinu, auk þess sem einn starfsmaður var í fjarnámi í viðskiptafræðni. Starfsmannavelta var 5,2% en var árið áður 1,3%.

Meðalaldur starfsmanna í lok árs 2016 var 52,2 ár og hefur aðeins lækkað frá síðasta ári. Háskólamenntaðir eru um 50% og eru viðskiptafræðingar í meirihluta.

Aldursdreifing starfsmanna



Stofnunin vill leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfi og heilsu starfsfólks síns, sýna gott fordæmi og efla vitund fólks um vistvænar samgöngur. Samgöngustyrkur var því innleiddur hjá FJS frá ársbyrjun 2015 og var haldið áfram á árinu 2016. Á árinu 2016 nýttu 10 starfsmenn sér samgöngustyrk.

Veikindi voru eftirfarandi hjá FJS árið 2016:

Skammtíma- og miðlungsveikindi 24 starfsmenn, miðlungsveikindi 34 starfsmenn og langvarandi veikindi 7 starfsmenn. Veikindadagar sem flokkast undir skammtíma- og miðlungsveikindi voru 7,9 dagar að meðaltali samanborið við 6,1 dag árið 2015.

Stuðst er við skilgreiningu frá Virk starfsendurhæfingu á veikindum, þ.e. skiptingu í skammtíma-, miðlungs-, og langvarandi veikindi. Skammtíma- og miðlungsveikindi teljast vera minna eða sama sem 5 virkir dagar á ári, miðlungsveikindi eru 6 til 20 virkir dagar og langtíma- og langvarandi veikindi meira en 20 virkir dagar. Allir útreikningar á veikindum miðast við virka daga.

Stöðugildi í árslok 2016 voru 74,6, sem er sambærilegt við árið áður.

Listi yfir starfsmenn FJS í árslok 2016 kemur fram aftast í skýrslunni.

Stöðugildi í árslok 2016 voru 74,6, sem er sambærilegt við árið áður.





Lómagnúpur

Kennitölur

Hér koma fram ýmsar lykiltölur með upplýsingum um starfsemi FJS. Sýndar eru ýmsar magntölur yfir starfsemina frekar en að draga fram kostnaðinn af henni. Slíkar upplýsingar koma að góðu gagni í tengslum við forgangsröðun verkefna og stefnumótun. Hagnýtt gildi þeirra er ótvírætt og mikilvægt að nýta þær til stjórnunar og eftirlits með því að bera útkomuna saman við upphafleg markmið. Í mörgum tilvikum gefa þær einnig góða vísbendingu um hvar má gera betur og möguleika á aukinni hagræðingu.

Gerð ríkisreiknings

Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Á þann hátt er safnað á einn stað upplýsingum um fjármál allra ríkisaðila og gefin glögg mynd af heildarumsvifum ríkisins.

Fjöldi	2016	2015
Æðsta stjórn ríkisins og ráðuneyti	9	9
Ríkisstofnanir	167	170
Tilfærsluliðir	80	80
Aðrir liðir	122	149
Fjárlagaliðir samtals í A-hluta ríkisreiknings	378	408

Fjöldi fjárlagaliða hjá A-hluta ríkissjóðs var eftirfarandi:

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings árið 2016 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 36 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins. Þar af eru 3 aðilar í B-hluta, 6 í C-hluta, 2 í D-hluta og 25 í E-hluta. Þetta eru þremur aðilum fleiri en birtust í ríkisreikningi ársins 2015 og tengist fjölgunin stöðugleikaframlögum. Annars vegar er nýtt félag sem annast umsýslu framlaganna og hins vegar félög sem alfarið komust í eigu ríkisins.

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð, ráðuneyti og ríkisstofnanir

Í aðalatriðum er greiðsluþjónusta FJS tvíþætt, þ.e. annars vegar fyrir ríkissjóð en hins vegar fyrir ráðuneyti og ýmsar ríkisstofnanir.

Innlegg á bankareikninga	2016	2015
Bankainnlegg vegna greiðslu reikninga o.fl.	184.346	180.210
Bankainnlegg vegna launagreiðslna	266.714	273.566
Bankainnlegg vegna orlofsgreiðslna	158.832	166.471
Bankainnlegg í barnabóta- og skattvinnslum	269.376	301.077
Fjöldi bankainnleggja	879.268	921.324

Á árinu 2015 var endanlega hætt að skrifa út tékka. Fjöldi innleggja fækkaði um 4,6% á milli árána 2015 og 2016.



Í ríkisreikningi eru birt ársuppgjör ríkissjóðs, ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins

Í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings árið 2016 eru sýndar lykiltölur úr ársreikningum 36 stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins



Fjöldi innleggja fækkaði um 4,6% á milli ára og á árinu 2015 var endanlega hætt að skrifa út tékka



Við Kirkjufell

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf

Greiðsluþjónusta fyrir ríkissjóð er einkum vegna greiðslu á launum til ríkisstarfsmanna og framlögum til ríkisstofnana og annarra sem fá framlög frá ríkissjóði. Þessar greiðslur ná meðal annars til barna- og vaxtabóta, skila á tekjum til sveitarfélaga, sókna- og kirkjugarðaráðs, skila á inneignum eftir skattálagningu o.fl. Loks nær greiðsluþjónustan einnig til greiðslna af teknum lánum ríkissjóðs og innheimtu af veittum lánum ríkissjóðs.

Greiðsluþjónusta fyrir ráðuneyti og ríkisstofnanir nær einkum til greiðslna á reikningum vegna rekstrarkostnaðar, styrkveitinga og samninga. Í flestum tilvikum annast stærri ríkisstofnanir sjálfar greiðslur á eigin reikningum.

Fjöldi	2016	2015
Ráðuneyti og stofnanir í greiðsluþjónustu FJS	102	102
Skráðir reikningar	89.978	96.627
Rafrænir reikningar	77.364	57.681
Bókaðar færslur, án rafrænna reikninga	717.099	591.925
Bókaðar færslur, rafrænir reikningar	451.902	400.500
Skönnuð skjöl	623.082	595.465

Bókhaldsþjónusta og ráðgjöf við stofnanir ríkisins

FJS veitir ráðuneytum og stofnunum ríkisins aðstoð og þjónustu um bókhald og námskeiðahald sem tengist því. Bókhald stofnana sem eru í bókhaldsþjónustu er bókað og skráð hjá FJS og eru þær allar einnig í greiðsluþjónustu.

Fjöldi	2016	2015
Ráðuneyti og stofnanir í bókhaldsþjónustu FJS	102	102
Ríkisstofnanir sem annast sjálfar eigið bókhald	74	77
Samtals	176	179

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins

Fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins, Orra, er samhæfð heildarlausn í viðskiptahugbúnaði. Kerfið keyrir á Oracle gagnagrunni og samanstendur af u.þ.b. 60 kerfishlutum þar á meðal fjárhagskerfi, mannauðskerfi, verkþókhaldi, innkaupakerfi, eignakerfi o.fl. Notendur tengjast hugbúnaðinum með vefskoðara gegnum netið. Kerfið hefur verið lagað að íslenskum aðstæðum t.d. með tengingum við þjóðskrá, íslenska banka og tekur einnig mið af íslenskum reglum um virðisaukaskatt.

Fjárhagskerfið heldur utan um bókhald ríkissjóðs, ráðuneyta og stofnana ríkisins. Kerfið er einnig notað fyrir alla uppgjörsvinnu við gerð ríkisreiknings og aðra upplýsingagjöf. Eignaskráningakerfi er hluti af fjárhagskerfinu og hefur það verið sett upp hjá stofnunum. Kerfið heldur utan um alla varanlega rekstrarfjármuni.

Fjöldi	2016	2015
Ráðuneyti og ríkisstofnanir sem nota Orra	167	170
Ríkisstofnanir utan Orra	9	9
Samtals	176	179
Hlutfall þeirra sem nota Orra	94,9	95,0

Mannauðskerfið heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma víðtækar upplýsingar þar á meðal um launakjör og aðrar forsendur sem þarf við launaútreikninga í launagreiðsluhlutanum. Í kerfinu eru greidd laun allra starfsmanna hjá A-hluta stofnunum og að auki hjá nokkrum B- og C-hluta stofnunum.

Fjöldi	2016	2015
Launþegar að meðaltali á mánuði	22.557	23.009
Launavinnslur á árinu	14	15
Launaseðlar á árinu	286.898	294.337

Vinnustund er vaktaáætlunar- og viðverukerfi sérhannað af Advania. Kerfið heldur utan um tíma- og fjarvistarsskráningar starfsmanna ásamt því að vera öflugt tæki til að skipuleggja vinnutíma þeirra. Kerfið er sérsníðið að þörfum ríkisstofnana og tengist beint við mannauðskerfi Orra. Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 102 talsins, með um 84% af starfsmannafjölda ríkisstofnana. Lögð er rík áhersla á að sem flestar ríkisstofnanir innleiði kerfið. Sérstaklega er það mikilvægt í tengslum við ný lög um opinber fjármál, en þar er gert ráð fyrir að áfallið orlof sé fært sem skuldbinding í tengslum við ársuppgjör ríkisstofnana. Ráðningarkerfið hefur verið í notkun í nokkur ár og var haldið áfram með innleiðingu þess hjá stofnunum. Ráðnir voru 1932 starfsmenn gegnum ráðningarkerfið á árinu 2016.

Aðrir kerfishlutar sem settir hafa verið upp í Orra eru: fræðslukerfi, sjálfsafgreiðslukerfi, ferðauppgjörskerfi, vörustýring, verkþókhald, birgðir, pantanir, vefverslun og samningakerfi. Sjálfsafgreiðslan er aðgengileg öllum starfsmönnum ríkisins en notkun á hinum kerfishlutunum er mjög mismunandi eftir stofnunum. Þar skiptir stærð og eðli stofnananna mestu. Landsspítalinn er t.d. stór aðili í vörustýringu og birgðahaldi og Vegagerðin í verkþókhaldi. Sífelld fleiri stofnanir sjá sér hag í því að taka upp vörustýringu og verkþókhald. Sett hefur verið upp í Orra samningakerfi þar sem haldið er utan um samninga um fjárframlög.

Lánakerfi ríkisins

FJS heldur utan um tekin og veitt lán ríkissjóðs. Það er gert í lánakerfinu Libra Loan þar sem einnig er haldið utan um skuldaviðurkenningar. Áfram hefur verið unnið að því að þróa kerfið frekar og efla virkni þess. Tiltölulega nýtt í kerfinu er fjárstreymislíkan sem nýtist fjármála- og efnahagsráðuneytinu við skuldastýringu. Í árslok 2016 voru veitt lán 510 að tölu og tekin lán 314.

Stofnanir ríkisins sem nú þegar hafa tekið upp Vinnustund eru 102 talsins og eru með um 84% af starfsmannafjölda ríkisstofnana



Við Vestrahorn

Ráðnir voru 1932 starfsmenn gegnum ráðningarkerfið á árinu 2016

Sífelld fleiri stofnanir sjá sér hag í því að taka upp vörustýringu og verkþókhald

Í árslok 2016 voru veitt lán 510 að tölu og tekin lán 314

Útgefnun seðlum fjölgaði um 2,6% frá árinu á undan



Djúpivogur

Á árinu 2016 sóttu um 140 þátttakendur rúmlega 20 námskeið hjá FJS

Tekjubókhaldskerfi ríkisins

FJS hefur umsjón með tveimur kerfum, Tekjubókhaldskerfi ríkisins og Innheimtuskilakerfi, sem notuð eru við innheimtu tekna ríkissjóðs og skiptingu þeirra þar sem það á við, svo sem til sveitarfélaga.

Fjöldi	2016	2015
Útgefnir greiðsluseðlar	1.059.372	983.510
Útgefnir gíróseðlar	518.593	554.402
Greiddir greiðslu- og gíróseðlar	1.350.978	1.240.788
Útsend innheimtubríf	181.625	189.318

Í heild voru útgefnir seðlar tæplega 1,6 milljónir á árinu 2016, fjölgaði um 2,6% frá árinu á undan.

Uppgjör og skil á staðgreiðslu

FJS sér á hverjum degi um skiptingu og skil á innheimtri staðgreiðslu á milli ríkissjóðs og einstakra sveitarfélaga. Þá sér FJS einnig um skil á hlutdeild sókna og trúfélaga í tekjuskatti.

Fjöldi	2016	2015
Sveitarfélög	75	75
Sóknir	338	337
Kirkjugarðar (Kirkjugarðaráð Íslands og Kirkjugarðasjóður)	2	2

Námskeið

Fræðsla er þýðingarmikill þáttur í starfsemi FJS. Á árinu 2016 sóttu um 140 þátttakendur rúmlega 20 námskeið hjá FJS. Þessi námskeið voru í Orra, Vinnustund og gerð rekstraráætla. Einnig voru haldin ýmis sértæk námskeið fyrir stofnanir, þar á meðal voru námskeið í launaafgreiðslu, rafrænum reikningum, samþykktarferlum, fyrirspurnum í Orra og vefskýrslum. Haldnar voru kynningar í tengslum við eignakerfið og einnig var farið í heimsóknir til sýslumannsembætta vegna TBR. Kennsluefnið er aðgengilegt á vefsíðunni fjs.is en þar er einnig boðið upp á skráningu á þau námskeið sem stofnunin býður upp á.



Við Látrabjarg

09-103 Fjársýsla ríkisins

ÁRSREIKNINGUR
2016

fjs Fjársýsla
ríkisins



09-103 Fjársýsla ríkisins
Ársreikningur 2016

Ársreikningur þessi sem hefur að geyma rekstrarreikning ársins, efnahagsreikning í árslok og sjóðstreymi ásamt sundurliðunum hefur verið saminn eftir bókhaldi stofnunarinnar.

Lykilstærðir ársreikningsins eru:

	2016	2015	Fjárheimild
Rekstrarreikningur			
Tekjur samtals.....	21.873.736	8.857.051	5.800.000
Gjöld samtals.....	1.843.407.606	1.700.794.053	1.810.000.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.804.200.000	1.706.700.000	1.804.200.000
Hagnaður/tap ársins.....	-17.333.870	14.762.998	0
Efnahagsreikningur			
Eignir samtals.....	148.791.527	164.006.571	
Skuldir samtals.....	51.343.827	49.225.001	
Höfuðstóll í árslok.....	97.447.700	114.781.570	
Greiðslustaða við ríkissjóð.....	146.591.248	163.167.571	

Forstöðumaður og aðalbókari staðfesta ársreikning stofnunar fyrir árið 2016 með undirritun sinni.

24.02.2017



Jaym Kóvitz
Forstöðumaður

Ragylveitun Gunnareð.
Aðalbókari

Rekstrarreikningur

Fjársýsla ríkisins
09-103

	Reikningur 2016	Reikningur 2015	Fjárheimildir 2016
Tekjur			
Sértekjur.....	21.873.736	8.857.051	5.800.000
Markaðar tekjur.....	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur.....	0	0	0
Tekjur samtals	21.873.736	8.857.051	5.800.000
Gjöld			
Almennur rekstur.....	1.746.597.792	1.642.847.741	1.728.300.000
101 Almennur rekstur.....	871.674.756	789.050.983	867.500.000
143 Tekjubókhaldskerfi.....	373.792.778	363.228.808	372.400.000
147 Fjárhags- og starfsmannakerf.....	501.130.258	490.567.950	488.400.000
Stofnkostnaður.....	96.809.814	57.946.312	81.700.000
643 Hugbúnaðargerð fyrir tekjubó.....	14.110.548	10.417.441	8.200.000
647 Hugbúnaðargerð fyrir fjárhag.....	82.699.266	47.528.871	73.500.000
Gjöld samtals	1.843.407.606	1.700.794.053	1.810.000.000
Tekjur umfram gjöld.....	-1.821.533.870	-1.691.937.002	-1.804.200.000
Framlag úr ríkissjóði.....	1.804.200.000	1.706.700.000	1.804.200.000
Hagnaður/tap ársins.....	-17.333.870	14.762.998	0

Efnahagsreikningur

Fjársýsla ríkisins
09-103

	Reikningur 31.12.2016	Reikningur 31.12.2015
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir.....	0	0
Langtímakröfur.....	0	0
Fastafjármunir samtals.....	0	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir.....	0	0
Inneign hjá ríkissjóði.....	146.591.248	163.167.571
Skammtímalán.....	0	0
Skammtímakröfur aðrar.....	2.200.279	839.000
Handbært fé.....	0	0
Veltufjármunir samtals.....	148.791.527	164.006.571
Eignir samtals.....	148.791.527	164.006.571
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun.....	114.781.570	100.018.572
Breyting v/lokafjárlaga.....	0	0
Hagnaður/tap ársins.....	-17.333.870	14.762.998
Höfuðstóll í árslok.....	97.447.700	114.781.570
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé.....	0	0
Framlag til eignamyndunar.....	0	0
Annað eigið fé samtals.....	0	0
Eigið fé í árslok.....	97.447.700	114.781.570
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán.....	0	0
Langtímaskuldir samtals.....	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum.....	0	0
Skuld við ríkissjóð.....	0	0
Skammtímalántökur.....	0	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	51.343.827	49.225.001
Skammtímaskuldir samtals.....	51.343.827	49.225.001
Skuldir samtals.....	51.343.827	49.225.001
Skuldir og eigið fé samtals.....	148.791.527	164.006.571

Sjóðstreymi

Fjársýsla ríkisins
09-103

	Reikningur 2016	Reikningur 2015
Hagnaður/tap ársins	-17.333.870	14.762.998
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða.....	-1.361.279	483.000
Breyting skammtímaskulda.....	2.118.826	7.245.209
Handbært fé frá rekstri	-16.576.323	22.491.207
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán.....	0	0
Afborganir veittra lána.....	0	0
Endurmat veittra lána.....	0	0
Breyting á áhættufjármunum.....	0	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	0	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs.....	-1.804.200.000	-1.706.700.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði.....	0	0
Greitt úr ríkissjóði.....	1.820.776.323	1.684.208.793
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs.....	0	0
Tekin lán.....	0	0
Afborganir tekinna lána.....	0	0
Endurmat tekinna lána.....	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	16.576.323	-22.491.207
Breyting á handbæru fé	0	0
Handbært fé í ársbyrjun	0	0
Handbært fé, hreyfingar	0	0
Handbært fé í árslok	0	0

Fjársýsla ríkisins
09-103

Staða viðfangsefna 31.12.2016

Sundurliðun	Viðfangsefni fjárlaga og heita				
	Almennur rekstur 101	TBR 143	Orri 147	Hugbúnaðargerð 643	Hugbúnaðargerð 647
Tekjur					
Sértekjur	21.873.736	0	0	0	0
Markaðar tekjur	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0	0	0
Tekjur alls	21.873.736	0	0	0	0
Rekstrargöld	871.674.756	373.792.778	501.130.258	14.110.548	82.699.266
Framlag ríkissjóðs	861.700.000	372.400.000	488.400.000	8.200.000	73.500.000
Niðurstaða ársins	11.898.980	-1.392.778	-12.730.258	-5.910.548	-9.199.266
Höfuðstóll í upphafi árs	14.134.063	32.738.270	12.866.525	26.673.458	28.369.254
Breyting v/lokafjárlaga	0	0	0	0	0
Höfuðstóll 31.12.2016	26.033.043	31.345.492	136.267	20.762.910	19.169.988

Sundurliðun	Samtals öll viðfangsefni	
	2016	2015
Tekjur		
Sértekjur	21.873.736	8.857.051
Markaðar tekjur	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0
Tekjur alls	21.873.736	8.857.051
Rekstrargöld	1.843.407.606	1.700.794.053
Framlag ríkissjóðs	1.804.200.000	1.706.700.000
Niðurstaða ársins	-17.333.870	14.762.998
Höfuðstóll í upphafi árs	114.781.570	100.018.572
Breyting v/lokafjárlaga	0	0
Höfuðstóll 31.12.2016	97.447.700	114.781.570

Starfsmenn Fjársýslu ríkisins í árslok 2016

Ingbór K. Eiríksson, fjársýslustjóri

Bókhaldssvið

Alfreð S. Erlingsson, forstöðumaður

Anna Guðmundsdóttir
Bryndís Sveinsdóttir
Brynildur Birgisdóttir
Guðrún I. Alexíusdóttir
Guðrún Guðmundsdóttir
Guðrún E. Tómasdóttir
Hanna D. Haraldsdóttir
Hrannar B. Jónsson
Hulda B. Guðjónsdóttir
Ingibjörg S. Jónsdóttir
Íris D. Jónsdóttir
Katrín D. Hilmarsdóttir
Kristín Hildimundardóttir
Lára Guðmundsdóttir
Laufey Sverrisdóttir
Lilja G. Friðvinsdóttir
Pétur Ó. Jónsson
Rakel G. Pálsdóttir
Sara M. Tryggvadóttir
Sanna Þórsdóttir
Svanhvít E. Einarsdóttir

Launasvið

Lára G. Hansdóttir, forstöðumaður

Anna M. Óladóttir
Arngrímur V. Angantýsson
Drífa Ó. Sumarliðadóttir
Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðný S. Guðmundsdóttir
Guðrún J. Haraldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Kristján J. Jónsson
Laufey Óskarsdóttir
Ragnheiður Jónsdóttir
Sóley Jakobsdóttir

Rekstrarsvið

Ragnheiður Gunnarsdóttir, forstöðumaður

Pétur Ó. Einarsson, starfsmannastjóri
Geir Thorsteinsson
Gerður H. Einarsdóttir
Haraldur Blöndal
Linda Einarsdóttir
Oddrún Pétursdóttir
Rut Rútsdóttir
Stefanía Ragnarsdóttir
Vilborg Hólmjárn

Ríkisfjárhirsla og Tæknisvið

Stefán Kjærnested, varafjársýslustjóri

Bergþór Skúlason
Björn Kristjánsson
Guðbrandur J. Jónsson
Guðmundur Vigfússon
Guðrún Á. Janusdóttir
Gunnar Guðnason
Helgi Nielsen
Jóhann Þ. Arnarsson
Kristín Orradóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Thelma H. Másdóttir
Þorkell Pétursson

Tekjusvið

Barði E. Barðason
Edda Einarsdóttir
Guðjón Á. Ríkharðsson
Gyða Sigurlaugsdóttir
Halldór J. Harðarson
Jónas H. Jónsson
Katrín I. Kristófersdóttir
Sigríður H. Theódórsdóttir
Þorvaldur Steinarsson

Uppgjörssvið

Þórir H. Ólafsson, forstöðumaður

Ása Ólafsdóttir
Elín V. Magnúsdóttir
Helga Viðarsdóttir
Jóhann Halldórsson
Sjöfn Karlsdóttir
Theodóra P. Sigurðardóttir
Úlfar G. Ásmundsson
Þorvaldur Egilson

Innra eftirlit

Pétur Jónsson



VEGMÚLA 3 • 108 REYKJAVÍK, SÍMI 545 7500 • FAX 562 6383, POSTUR@FJS.IS • WWW.FJS.IS